# Lýðræði í deiglunni

Kjallari

Þorvaldur Gylfason



> Jafnvel harðstjórinn Pinochet kaus að virða vilja fólksins.

Lýðræðisskipulagið er viðkvæmara og brothættara en margur hyggur. Hvers vegna? Lýðræðið á óvini. Jónas Kristjánsson ritstjóri lýsti vandanum vel á vefsetri sínu um daginn: „Lýðræði er smám saman að víkja fyrir sjónarmiðum aðila, sem vilja drottna í friði.“ Jónas er ekki bara að lýsa útlöndum. Óvarlegt er að ganga út frá lýðræði sem gefnum hlut, einnig hér heima.

## Evrópa: Fimm lýðræðisríki 1943

Fyrir 70 árum, 1943, voru aðeins fimm lýðræðisríki í Evrópu: Bretland, Írland, Ísland, Svíþjóð og Sviss, þar sem konur fengu þó ekki kosningarrétt fyrr en 1971. Evrópa var blóðvöllur. Fyrir 30–40 árum voru Grikkland, Portúgal og Spánn ennþá einræðisríki, herforingjar réðu þar ríkjum, en ekki lengur. Fyrir 20–25 árum voru Austur-Evrópulöndin öll harðsvíruð einræðisríki, en ekki lengur. Evrópa hefur tekið stakkaskiptum með frelsi, lýðræði og mannréttindi að leiðarljósi.

## Afríka: Þrjú einræðisríki 2012

Lýðræði sækir nú á um allan heim í krafti ótvíræðra yfirburða sinna umfram aðra stjórnarhætti. Evrópa hefur varðað veginn. Fyrstu 30 árin eftir 1960, þegar Afríkuríkin tóku sér sjálfstæði eitt af öðru, voru lýðræðisríkin þar suður frá aðeins fimm eða færri, en fáræðis- og einræðislöndunum fjölgaði úr 17 í 41. Með fáræðislöndum er átt við ríki, sem geta hvorki talizt vera lýðræðisríki né einræðisríki, heldur liggja miðsvæðis á skalanum frá einræði til lýðræðis skv. viðteknum mælingum stjórnmálafræðinga við háskólann í Maryland í Bandaríkjunum.

Eftir hrun kommúnismans í Austur-Evrópu um 1990 urðu gagnger umskipti í stjórnmálum Afríku. Lýðræðisríkjum þar fjölgaði úr fjórum í 17, og einræðisríkjum fækkaði niður fyrir tíu. Nú (tölurnar eru frá 2012) eru aðeins þrjú einræðisríki eftir í Afríku, lýðræðisríkin eru 17 og fáræðisríkin 30. Stjórnarskipti í Afríku eiga sér nú iðulega stað í friði og spekt í kjölfar lýðræðislegra kosninga. Ég lýsti lýðræðisþróun Afríku nýlega á evrópska hagfræðivefsetrinu www.voxeu.org.

## Suður-Ameríka: Sama saga

Svipaða sögu er að segja um Suður-Ameríku. Skoðum þau tíu lönd álfunnar, þar sem spænska eða portúgalska eru þjóðtungurnar (Argentína, Bólivía, Brasilía, Ekvador, Kólumbía, Paragvæ, Perú, Síle, Venesúela og Úrúgvæ). Aðeins þrjú þessara landa (Kólumbía, Venesúela og Úrúgvæ) bjuggu við lýðræði 1961. Fjórum áratugum síðar, 2001, voru öll löndin tíu komin í hóp lýðræðisríkja. Síðustu ár hefur þó hallað undan fæti í Ekvador og Venesúela, svo að þau eru fallin niður í fáræðisflokkinn. Eftir standur, að átta lönd af þessum tíu fylla nú flokk lýðræðisríkja og láta hvergi bilbug á sér finna.



Mestu skiptir, að Argentína, Brasilía og Síle, harðsvíruð einræðisríki á fyrri tíð líkt og Grikkland, Portúgal og Spánn í Evrópu, eru nú óskoruð lýðræðisríki. Og lýðræðið skilar þeim margþættum árangri. Ég skrifa þessar línur á lýðræðisráðstefnu í gamla þinghúsinu í Santiago, höfuðborg Síle. Borgin hefur tekið ólýsanlegum framförum frá fyrri tíð og ljómar nú af velsæld, skínandi hallir og háhýsi blasa við á alla vegu og glaðlegt fólk á götunum. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Síle var tæpur fimmtungur af tekjum á mann á Íslandi 1960, en er nú kominn upp undir tvo þriðju. Bilið heldur áfram að mjókka. Nýfædd börn í Síle geta nú vænzt þess að verða áttræð á móti 82 árum hér heima. Síle uppsker nú árangurinn af þeirri ákvörðun herforingjastjórnar Pinochets að láta af völdum í samræmi við niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu 1988 um framhald setu hans á valdastóli. Jafnvel harðstjórinn Pinochet kaus að virða vilja fólksins. Síleska verðlaunamyndin No eftir Pablo Larraín frá 2012 segir sögu málsins.

## Alþingi leikur sér að eldi

Lýðræði er ennþá fjarlægur draumur sums staðar um heiminn og er í djúpri lægð sums staðar annars staðar, þar sem eiga mætti von á öðru. Í Bandaríkjunum ögruðu repúblikanar á þingi lýðræðinu með misbeitingu málþófs og með því að hóta að keyra alríkisstjórnina í greiðsluþrot nema þingið og forsetinn afturkölluðu lýðræðislegar ákvarðanir um heilbrigðistryggingar handa fátæku fólki. Á elleftu stundu tókst að bægja hættunni frá í bili. Jafnvel í Bandaríkjunum, vöggustofu lýðræðisins, á lýðræðisskipulagið undir högg að sækja. Óvinir lýðræðisins svífast einskis. Þeir vilja fá að drottna í friði. Demókratar neyttu um daginn meirihlutavalds í þinginu til að girða fyrir frekari misbeitingu málþófs af hálfu repúblikana, úrræði, sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir hugleiddi og hafnaði á síðasta Alþingi. Hér heima daðrar Alþingi enn við að hafa að engu niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 um nýja stjórnarskrá. Verði það niðurstaðan, þegar upp er staðið, verður Ísland aldrei aftur samt. Alþingi leikur sér að eldi. ■